



Fréttatilkynning

17 September 2024 13:10:00 GMT

## Arion banki gefur út skuldabréf í Bandaríkjadöllum sem teljast til viðbótar eiginfjárbáttar 1 (AT1)

**Arion banki gaf í dag út AT1 skuldabréf að upphæð 125 milljónir Bandaríkjadala. Umframeftirspurn var eftir skuldabréfunum og heildareftirspurn var um 250 milljónir Bandaríkjadala. Tilboð bárust frá ríflega 35 fjárfestum frá Bretlandi, Evrópu, Asíu og Íslandi.**

Útgáfa bréfanna styrkir eiginfjárgrunn bankans og er liður í að viðhalda hagkvæmri skipan eiginfjár í samræmi við markmið bankans.

Skuldabréfin bera fasta 8,125% vexti. Bréfin eru breytanleg í hlutabréf ef eiginfjárbáttur 1 fer niður fyrir 5,125%. Vænt láns hæfismat á AT1 skuldabréfin er Ba2 frá Moody's.

Umsjónaraðilar útgáfunnar eru BofA Securities, Morgan Stanley og UBS.

*Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2024-09-17 13:10 GMT.*

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion banki gefur út skuldabréf í Bandaríkjadöllum sem teljast til viðbótar eiginfjárbáttar 1 \(AT1\)](#)